



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

Suðurnesjum 1. júlí 1987.

123. fundur skólanefndar

Fjölbrautaskóla Suðurnesja haldinn í bóknámshúsi skólans
miðvikudaginn 1. júlí 1987 kl. 17.00.

Fundinn sátu: Guðmundur Björnsson, formaður, Hjálmar Árnason, skólameistari, Hilmar Þór Hilmarsson, Bogi Hallgrímsson, Guðjón Kristjánsson, Eggert Ólafsson, Kristinn Kristjánsson, fulltrúi kennara og Hulda Björk Þorkelsdóttir, fundarritari.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Síðan var gengið til dagskrár.

1. Kennararáðningar.

Þrír sóttu um auglýstar kennarastöður við skólann, en það voru:

Margrét Einarsdóttir Laxness
Rúnar S. Þorvaldsson og
Sara Harðardóttir.

Samþykkt var að ráða Söru Harðardóttur. Einnig var samþykkt að endurráða eftirtalda kennara:

Guðmund Björgvinsson
Axel Gísli Sigurbjörnsson
Kristján P. Ásmundsson
Oddnýju Harðardóttur
Sigríði Jóhannesdóttur og
Magnús Karlsson

2. Ráðning fjármálastjóra.

Eins og fram kom á s.l. fundi skólanefndar hefur Valtýr Guðjónsson, reikningshaldari skólans, sagt upp störfum frá og með 1. september 1987 vegna aldurs. Launanefnd SSS hefur samþykkt starfsheitið fjármálastjóri fyrir eftirmann hans. Ein umsókn barst um stöðuna og var hún frá Stefáni Jónssyni. Skólanefnd samþykkir einróma að ráða Stefán frá og með 15. ágúst 1987 að telja.

3. Önnur mál.

a) Samþykkt að fresta umræðu um akstursmál til ágústfundar.

b) Verið er að vinna að gerð sameiginlegs Námsvísis með gömlu samstarfsskólunum. Prentun Námsvísis fyrir FS því frestað um sinn.

c) Borist hefur uppgjör vegna stofnkostnaðar við byggingu skólans frá Byggingadeild Menntamálaráðuneytisins. Þar kemur fram að ríkið skuldar skólanum enn fé. Skólanefnd ítrekar að uppgjör fáið hið bráðasta.

d) Skólanefnd samþykkir fyrir sitt leyti að útskriftar-nemendur skólans fái að ræsta viðbygginguna (1. og 2. hæð) til reynslu í eitt ár, svo fremi sem engir annmarkar eru á því gagnvart Verkalýðsfélaginu.

e) Skólameistari skýrði frá stöðu fjármála. Aldrei fyrr hefur gengið eins greiðlega að fá greiðslur frá ríkinu. Afleiðingin er sú að skuldir eru minni en oftast áður. Áætlanir virðist ætla að standast nokkuð vel.

f) Skólameistari kynnti hugmyndir um að auka við hálfu stöðugildi ritara.

g) Tvö tilboð bárust í málun á skólahúsnæðinu (Fskj. 1). Samþykkt var að taka tilboði lægstbjóðanda.

h) Vegna framkvæmda við skólann í sumar þykir nauðsynlegt að ráða mann til eftirlits með vinnu innanhúss í sumarleyfi húsvæðar. Sturlaugur Ólafsson hefur tekið það að sér og samþykkir skólanefnd það.


i) Skólameistari skýrði frá því að kennsla á flugliða-braut fer fram í húsnæði á Reykjavíkurflugvelli næsta vetur. Fjármál verða í höndum Flugmálastjóra, en FS sér um vinnu-skýrslur kennara og útskrift nemenda.

Fleira ekki gert. Formaður þakkaði mönnum góða fundar-setu og gott samstarf í vetur. Síðan var fundi slitið.


Guðmundur Björnsson
formaður


Hulda Björk Þorkelsdóttir
fundarritari

VERKFRÆÐISTOFA SUÐURNESJA HF
HAFNARGÖTU 32 230 KEFLAVÍK
SÍMI 92-1035



Fjölbrautaskóli Suðurnesja
b.t. Hjálmars Árnasonar
Keflavík.

24. júní 1987.

Mál: Tilboð í málun á bóknámshúsi skólans.


Föstudaginn 20. júní s.l. voru opnuð tilboð í málningarvinnu, tvö tilboð bárust (sjá töflu).

Verkpættir	Magnús og Ólafur s/f Keflavík		Málningarþjónusta Óskars-Sandgerði		Kostnaðar- Áætlun	
	KR.	%	KR.	%	KR.	%
1.Málun utanhúss						
Eldri bygging	403.017	87.6	426.285	92.7	460.000	100
Ný bygging	231.974	82.8	237.340	84.8	280.000	100
2.Málun innanhúss						
Eldri bygging	694.849	90.2	715.780	93.0	770.000	100
SAMTALS	1.329.840	88.1	1.379.405	91.4	1.510.000	100

Lægstbjóðandi er Magnús og Ólafur s/f, Keflavík, heildartilboðsupphæð kr. 1.329.840 sem er 88.1% af kostnaðaráætlun.

Við leggjum til að tilboði lægstbjóðanda verði tekið.

Með bestu kveðjum,


Brynjólfur St. Guðmundsson.